

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 02.05.2011  
Tilv. 2011/0534 - 0.0.01  
PÁÁ

**Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, 724. mál.**

Visað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 15. apríl 2011, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán. Stofnunin þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið.

Neytendastofa fagnar því að lagt hafi verið fram frumvarp til laga sem setur skorður við starfsemi svokallaðra smálánafyrirtækja enda virðist málefni þeirra hafa fallið í ákveðið tómarúm hingað til. Neytendastofa vill gera eftir farandi athugasemdir við frumvarpið.

*I. Almennar athugasemdir við frumvarpið*

Með frumvarpinu eru gerðar nokkrar breytingar á gildandi lögum m.a. í þeim tilgangi að fella svokölluð smálán undir gildissvið þeirra. Frumvarpið felur þó einnig í sér breytingar sem taka til allra neytendalána, þ.e. smálána sem og annarra lána sem hingað til hafa fallið undir lögin. Nokkurs ósamræmis gæti milli texta frumvarpsins og greinargerðar þar sem umfjöllun í greinargerð miðast alfarið við að umræddar breytingar eigi eingöngu við um smálán. Neytendastofa telur mikilvægt að ákvæði frumvarpsins taki til annarra lána en smálána og því rétt að í nefndarálitum sem er mikilvægt lögskýringargagn sé sérstaklega vikið að því hvernig eigi að túlka lögin eftir því sem við getur átt.

Neytendastofa bendir á að með frumvarpinu er ekki bætt við lögin skilgreiningu á því hvað teljist til *smálána*. Stofnunin telur nauðsynlegt að slíkri skýringu verði bætt við enda eitt ákvæði frumvarpsins sem tekur eingöngu til slíkra lána og því verður að vera skýrt í lögnum til hvaða lána það ákvæði nær.

*II. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins*

Auk almennra athugasemda vill Neytendastofa gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

**Athugasemd við 1. gr. frumvarpsins:**

Með ákvæðinu er bætt aftan við a. lið 2. gr. gildandi laga um neytendalán þannig að hann

verði svohljóðandi: „*a. Lánssamningar sem gilda skemmri tíma en þrjá mánuði og greiða þarf óverulegan kostnað af.*“

Breytingin er gerð til að áður nefnd smálán falli ekki utan við gildissvið laganna. Neytendastofa telur að orðalagið sé ekki nægjanlega skýrt og lýsandi. Mikilvægt er fyrir neytendur og þá aðila sem veita lánin að enginn vafi sé um til hvaða lána lögin taka. Framangreint orðalag frumvarpsins er því of óljóst og verður því vart beitt í framkvæmd.

Tilgangur frumvarpsins er að fella undir gildissvið laganna neytendalán sem veitt eru í skemmri tíma en 3 mánuði eða s.n. smálán sem rutt hafa sér til rúms hér á landi á undanförunum mánuðum og árum. Kostnaður við slíkar lánveitingar hefur hingað til verið mikill en það viðmið frumvarpsins að taka fram að lán sem greiða þarf „óverulegan kostnað af“ skuli falla utan gildissviðs laganna er að mati Neytendastofu ónothæft sem fyrr segir. Auk þess telur stofnunin að ávallt þegar veitt eru lán til styttri tíma gegn fastri greiðslu kostnaðar og/eða með vöxtum þá beri lánveitendum að fara eftir ákvæðum laganna. Neytendastofa með vísan til framangreindra sjónarmiða vill því leggja til að einungis beri að fella utan við gildissvið laganna lán sem veitt eru til styttri tíma en þriggja mánaða og bera engan kostnað eða vexti. Öll önnur lán falli því undir ákvæði laganna. Lagt er því til að ákvæði a. liðar 2. gr. gildandi laga um neytendalán verði þá svohljóðandi:

„*a. Lánssamningar sem gilda skemmri tíma en þrjá mánuði og ekki þarf að greiða kostnað eða vexti af.*“

#### ***Athugasemd við 2. gr. frumvarpsins:***

Í ákvæðinu er fjallað um markaðssetningu á neytendalánum og lagt til að inn í lögin komi ný grein sem verði 5. gr. a. Í 1.-5. tölulið þessarar greinar eru talin upp atriði sem varða vexti, lántökukostnað, árlega hlutfallstölu kostnaðar, höfuðstól, lengd lánsamnings og heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og lántökukostnaðar auk fjölda afborgana. Neytendastofa bendir á að **öll framangreind atriði** eru nú þegar talin upp í 6. gr. núgildandi laga. Þessi ákvæði frumvarpsins eru því óþörf og ber að fella brott.

Í frumvarpinu er einnig í 2. gr. vikið að markaðssetningu neytendalána í 1. málslíð greinarinnar.

Í gildandi lögum er í 13. gr. nú þegar fjallað um auglýsingar á neytendalánum og markaðssetningu þeirra. Telji Alþingi nauðsynlegt að hnykkja betur en nú er gert á ákvæðum um þetta efni þá vill Neytendastofa leggja til að við 1. málslíð 13. gr. núgildandi laga verði bætt við eftirfarandi orðum þannig að hún taki til allrar markaðssetningar en ekki einungis auglýsinga og bæta við hana þeim upplýsingum sem gerð er krafa um í 2. gr. frumvarpsins telji Alþingi að þörf sé á því.

Neytendastofa í því tilviki myndi þá leggja til að bætt verði inn í lögin orðunum „og ávallt í allri markaðssetningu“ þannig að 1. málslíður 13. gr. laganna myndi orðast svo:

„*Á starfsstöð lánveitanda, svo og auglýsingum, tilboðum og ávallt í allri markaðssetningu er skylt að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar við lánssamninga sem lög þessi taka til.*“

***Verði farið að framangreindum atriðum þá fellur ákvæði 2. gr. frumvarpsins alfarið brott.***

***Athugasemd við 3. gr. frumvarpsins:***

Neytendastofa vill benda á mikilvægi þess að reglugerð sú sem vísað er til í 3. mgr. ákvæðisins liggja fyrir þegar lögin taka gildi.

Einnig telur Neytendastofa að gera þurfi með skýrari hætti grein fyrir því á hvaða tímamarki greiðslumat skuli fara fram og hvernig það skuli gert. Þar sem nánari upplýsingar liggja ekki fyrir um þessi atriði getur stofnunin ekki tjáð sig frekar um efni 3. gr. frumvarpsins.

***Athugasemd við 4. gr. frumvarpsins:***

Í ákvæði 4. gr. frumvarpsins kemur fyrst fyrir hugtakið *smálán*. Vísar Neytendastofa til fyrri umfjöllunar um mikilvægi þess að hugtakið verði skilgreint í lögnum.

Í lögum um fjarsölu á fjármálaþjónustu er fjallað um rétt til að falla frá samningi innan 14 daga, eins og vísað er til í umfjöllun í greinargerð með ákvæðinu. Svipaður réttur er neytendum veittur samkvæmt ákvæðum í lögum um húsgöngu-og fjarsölusamninga. Einnig í lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis (e. timeshare). Lykilatriði er að þegar slíkur réttur er veittur neytendum í lögum að unnt sé að ganga frá samningi innan þess frests sem þannig er ákveðinn í lögum. Varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu kemur skýrt fram í lögnum að neytendur geta ekki krafist slíks réttar varðandi „þá samninga sem hafa verið efndir að fullu af báðum samningsaðilum að ósk neytanda“, sbr. c.-liður 12. gr. laga nr. 33/2005. Ákvæði af svipuðum toga eru einnig í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 23/1997 og III. kafla laga nr. 46/2000 um að slíkan rétt er ekki hægt að veita vegna samninga þegar að neytendur ákveða að nýta þau réttindi sem samningur kveður á um áður en lögbundinn frestur til að falla frá samningi rennur út.

Algengast er að smálán séu veitt með fjarsölu og því virðist sem að slík starfsemi falli undir ákvæði laga nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Nauðsynlegt er að vegna eðlis þessara lána að taka skýrt fram í lögum um neytendalán hvaða ákvæði laga nr. 33/2005, eigi við um þessa tegund lánveitinga og hvort, og þá hvaða ákvæði þeirra laga eigi við um smálán.

Neytendastofa telur sem fyrir segir að ekki sé unnt að kveða á um rétt neytenda til að falla frá samningi um smálán enda eðli máls samkvæmt þá hefur hann fallið frá slíkum rétti með því að samþykka að reiðufé sé honum aðgengilegt þegar í stað.


Á hinn bóginn telur Neytendastofa að það sé ljóst að það getur verið mikilvægt fyrir neytendur að geta ákveðið að endurgreiða þegar í stað veitt lán eða innan örfárra daga smálán sem þeir hafa tekið. Í flestum tilvikum virðist vera um það að ræða að neytendur geti ekki endurgreitt lán fyrr en að 14 dögum liðnum og þá með þeim kostnaði sem því fylgir. Neytendastofa telur að til að koma til móts við neytendur sem vilja endurgreiða fyrir slík lán og minnka þannig lántökukostnað sinn verulega þá eigi í lögnum að veita neytendum sjálfstæðan rétt til þess. Þannig getur þá neytandi fljótlega eftir að lán hefur verið tekið ákveðið að endurgreiða það þegar í stað og greiðir hann þá aðeins kostnað í þann tíma hlutfallslega sem hann hefur notfært sér lánið.

Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum leggur því Neytendastofa til að orðalag 4. gr. frumvarpsins verði breytt og hún verði svohljóðandi:


*„Neytandi hefur rétt til að endurgreiða smálán án greiðslu viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, hvæær sem er innan 14 daga frá því að samningur var gerður og lánið var veitt, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til lánaþyrirtækisins. Tilkynning skal send með sama hætti og upphafleg lánsúmsókn eða fjarskiptaáðferð sem aðilar nota við lánveitinguna. Lánaþyrirtæki er heimilt að gera neytanda að greiða kostnað sem það hefur orðið fyrir vegna þessa. Sá kostnaður má þó aldrei fara umfram hlutfallslegan kostnað miðað við lánstíma af füllefnudum samningi. Neytandi telst hafa virt frestinn ef tilkynning er send áður en fresturinn rennur út.“*

Að öðru leyti telur Neytendastofa ekki ástæðu til að svo komnu máli að gera frekari athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson  
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir  
Sviðsstjóri